


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Júní 2026

ESB – Þjóðaratkvæðagreiðsla


Afar mjótt er á munum þegar spurt er um fyrirhugaða atkvæðagreiðslu í lok sumars. Rétt rúmlega helmingur landsmanna telur líklegast að ef atkvæðagreiðslan færi fram núna myndi hann greiða atkvæði með því að Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið á ný en rétt tæplega helmingur telur líklegast að hann greiddi atkvæði gegn því.

Ef þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram í dag þar sem spurt væri: „Á Ísland að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið?“, hvernig telur þú líklegast að þú myndir greiða atkvæði?



Fólk undir þrítugu og fólk milli fertugs og fimmtugs er líklegra en fólk á öðrum aldri til að greiða atkvæði með því að Ísland hefji aðildarviðræður á ný. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru sömuleiðis líklegri til þess en íbúar landsbyggðarinnar og fólk með háskólamenntun frekar en fólk með minni menntun að baki. Gríðarlegur munur er á viðhorfi fólks eftir því hvaða flokk það kysi ef kosið yrði til Alþingis í dag. Þau sem kysu Viðreisn eru líklegust til að greiða atkvæði með því að aðildarviðræður hefjist að nýju en þau sem kysu Miðflokkinn ólíklegust. Þau sem styðja ríkisstjórnina eru líklegri en þau sem styðja hana ekki til að greiða atkvæði með því að taka upp viðræður á ný en eins og sést í greiningunni eru þau sem kysu stjórnarflokkana, sérstaklega Viðreisn eða Samfylkingu, einna líklegust til að greiða atkvæði með því ásamt þeim sem kysu Vinstri græn.

Greiningar



* Marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

- Ef þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram í dag þar sem spurt væri: „Á Ísland að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið?“, hvernig telur þú líklegast að þú myndir greiða atkvæði?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 12. - 24. júní 2026. Heildarúrtaksstærð var 1.993 og þáttökuhlutfall var 41,1%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Lynghás 4, 110 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.